

Sveitarfélagið Árborg
Bárður Guðmundsson
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

Reykjavík, 13. janúar. 2022
UST202112-188/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulag Árbakka í landi Laugardæla og Austurvegar 65 á Selfossi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Árborgar er barst 17. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbakkaland á Selfossi. Í greinargerð kemur fram að í gildi er deiliskipulag fyrir Árbakka í landi Laugardæla og Austurveg 65 (Mjólkurbú flóamanna) og mun það deiliskipulag falla úr gildi og deiliskipulagstillagan, sem hér er til umfjöllunar taka yfir gildandi deiliskipulag innan deiliskipulagsmarka hennar.

Auk þess kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 550 íbúðum og þær skiptast í grófum dráttum þannig að um 25% íbúðanna verða í sérbyli (einbýlishús, parhús og raðhús) á 1-2 hæðum, og um 75% íbúðanna verða í fjölbýlishúsum á 3-5 hæðum.

Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 24 ha að flatarmáli.

Loftmengun

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um og metin áhrif loftmengunar frá nýjum Suðurlandsvegi í tillögunni og telur stofnunin æskilegt að unnið sé dreifilíkan sem sýnir ársmeðaltal mengunarefna í fyrirhuguðum íbúðarsvæðum í nágrenni vegarins. Æskilegt er að reikna styrk NO₂ og svifryks á þessum svæðum, bæði ársmeðaltal og hugsanlegan fjölda skipta á ári yfir mörkum. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Í greinargerð (bls. 48) kemur fram að vegna umferðar frá nýjum Suðurlandsvegi mun Árborg vakta og vinna að mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegrar loftmengunar og áhrifa hennar á uppbyggingu og starfsemi á deiliskipulagssvæðinu

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að loftmengun á svæðinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sbr. viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, styrk ósons við yfirborð jarðar og um upplýsingar til almennings.

Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*, þar sem markmiðið er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað er um umhverfisáhrif loftmengunar í kafla 5 í deiliskipulagstillögunni.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur